



Lögfræðipjónusta Ingólfs Hjartarsonar hrl., ehf.

Bíldshöfða 18 · 110 Reykjavík · Ísland
Sími 517 0112 · Fax 517 0113 · Netfang: ih@lsjuris.is

Verkalýðsfélag Akraness.

Bréfasími 430 9901.

3. febrúar 2009.

Varðar umboð sérstakrar forsendunefndar skv. 26. kafla samnings milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands sem og umboð samninganefndar ASI til frestunar á umsömdum hækkunum kjarasamnings aðila.

Aðilar samningsins eru annars vegar Samtök atvinnulífsins og hins vegar Starfsgreinasamband Íslands vegna aðildarféлага SGS annarra en Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Með ákvæðum 26. kafla samningsins er sérstakri forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd ASI og tveimur tilnefndum af SA falin ákveðin afmörkuð verkefni. Segir í kaflarum að nefndin skuli fjalla um þróun efnahagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld í því skyni að stuðla að því að markmið samningsins um lága verðbólgu og sérstaka hækkun lægstu launa nái fram að ganga.

Nefndin skal í byrjun febrúar 2009 fjalla um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 20. nóvember 2010. Segir jafnframt í 26. kafla að hafi báðar forsendur samningsins staðist framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010. Eru þessar forsendur síðan tilgreindar nánar í kaflanum.

“1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – desember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

2. Hins vegar þarf verðbólga að hafa farið lækkandi. Með lækkandi verðbólgu er átt við að verðbólga innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5 %. Ennfremur að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,3%, miðað við árshraða.”


Hafi þessar tilgreindu forsendur, önnur hvor eða báðar, ekki staðist skal hins vegar þegar í stað kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA sem skulu leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samnings aðila, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu.

Ljóst er að samninganefnd ASÍ er í kaflanum falið ákveðið samningsumboð. Með hliðsjón af því að Starfsgreinasambandið, sem er aðili að samningnum, er að framselja hluta af samningsumboði sínu, ber að túlka slíkt framsal þröngt og ekki víðar en skýrt kemur fram í samningstextanum. "Leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu". Verður heldur ekki litið fram hjá því hvernig staðið var að mótun kröfugerðar, skipun samninganefndar Starfsgreinasambandsins og síðar kynningu á samningnum og atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Telur undirritaður því að það hefði þurft að koma skýrt fram í samningnum ef ætlunin hafi verið að fela samninganefnd ASÍ heimild til að fresta umsömdum taxtahækkunum kjarasamningsins eða semja um þær til lækkunar. Hafi nefndin því ekki umboð til slíkra ráðstafana jafnvel þótt hún teldi að með því móti væri verið að stuðla að framangreindum markmiðum kjarasamnings aðila.

Í 26. kafla er einnig settur fram ákveðinn tímarammi, þ.e. að tilkynna þurfi fyrir lok febrúar 2009 hvort annar hvor samningsaðilinn vilji ekki framlengingu samningsins ella framlengist hann. Má því einnig ætla að samninganefnd ASÍ hafi ekki umboð til að semja við SA um frestun á þeirri ákvarðanatöku a.m.k. ef í þeirri ákvörðun felst frestun á umsömdum hækkunum.

Með kveðju,



Ingólfur Hjartarson, hrl.